elin@garn.is Elín Guðrúnardóttir www.garn.is

HEKLAÐ JÓLATRÉ

- það einfaldasta -

Þú finnur ekki einfaldari uppskrift að jólatré en þessa! Þú ræður í hvaða stærð jólatréð þitt er því þegar þú ert búin að fá nóg þá bara hættiru að hekla :)

Garn:
Frapan, 1 dokka
Whistler, 1 dokka
Tyra, 1 dokka

Heklunál:
3,5-4 mm

Annað efni:
Frauðkeila
Sykurvatn, blandað 50/50, eða annað stífelsi.
Tituprjónar.

Facebook, Instagram, Twitter
#Handverkskúnst

© Handverkskúnst 2015.
Þessi uppskrift er til einkanota, ekki gefa hana áfram heldur bentu á hvar hægt er að nálgast hana frítt ☺

Lesist áður en byrjað er að hekla: Þetta tré er heklað í spíral, sem þýðir að umferðum er ekki lokað heldur bara haldið áfram að hekla og hekla, hring eftir hring. Það er **nauðsynlegt** er að hafa prjónamerki til þess að merkja hvaða lykkja er fyrsta lykkja umferðarinnar, annars fer allt í rugl.

SKAMMSTAFANIR:
LL – LOFTLYKKJA, L – LYKKJA, FP – FASTAPINNI, KL - KEÐJULYKKJA

1. umf: Heklið 2 LL, 4 FP í fyrstu LL. (4 FP)

2. umf: Heklið 2 FP í fyrstu L, 1 FP í næstu L, 2 FP í næstu L, 1 FP í næstu L. (6 FP).

3. umf: Heklið 1 FP í hverja L. (6 FP)

4. umf: Heklið 2 FP í fyrstu L, 1 FP í næstu 2 L, 2 FP í næstu L, 1 FP í næstu 2 L. (8 FP)

5. umf: Heklið 1 FP í hverja L. (8 FP)

6. umf: Heklið 2 FP í fyrstu L, 1 FP í næstu 3 L, 2 FP í næstu L, 1 FP í næstu 3 L. (10 FP)

7. umf: Heklið 1 FP í hverja L. (10 FP)

8. umf: Heklið 2 FP í fyrstu L, 1 FP í næstu 4 L, 2 FP í næstu L, 1 FP í næstu 4 L. (12 FP)

9. umf: Heklið 1 FP í hverja L. (12 FP)

10. umf: Heklið 2 FP í fyrstu L, 1 FP í næstu 5 L, 2 FP í næstu L, 1 FP í næstu 5 L. (14 FP)

11. umf: Heklið 1 FP í hverja L. (14 FP)

Og svona heldur þetta áfram þar til jólatréð er í þeirri stærð sem þú vilt hafa það. Í lok þessarar síðustu umferðar heklaði ég 3 keðjulykkjur í síðustu lykkjurnar til þess að samskeytin sæust ekki.

Til viðmiðunar þá var síðasta umferðin í jólatrénu sem ég gerði 50 fastapinnar og það er ca. 25 cm á hæð.

© Handverkskúnst 2015.
Þessi uppskrift er til einkanota, ekki gefa hana áfram heldur bentu á hvar hægt er að nálgast hana frítt ☺